

Yfirlýsing stjórnar HB Granda hf. að loknum aðalfundi félagsins 1. apríl 2016.

Starfsemi HB Granda hf. skilaði á síðasta ári einum besta rekstrarárangri frá upphafi og var hagnaður félagsins 6,5 milljarðar króna. Á liðnu ári tók félagið við tveimur nýjum uppsjávarveiðiskipum og nú eru í smíðum þrír ísfisktogarar sem afhentir verða á þessu ári og því næsta. Hjá félaginu starfar öflugur hópur stjórnenda og starfsmanna sem hafa skilað framúrskarandi árangri á liðnum misserum og árum.

HB Grandi hf. var skráður á aðallista Nasdaq OMX fyrir tveimur árum. Árangur af rekstri félagsins hefur fyllilega verið í samræmi við þær væntingar sem gefnar voru í útboðslýsingu. Þá hefur góð afkoma og sjóðsstaða félagsins skapað svigrúm til hárra arðgreiðslna til hluthafa.

HB Grandi hf. hefur þá sérstöðu meðal fyrirtækja á hlutabréfamarkaði að kjölfestu fjárfestar, sem ráða yfir rúmlega fjörutíu prósent hlutafjár, standa að baki félaginu og hafa haft forystu fyrir þróun þess í yfir aldarfjórðung. Sú stjórn sem nú situr hefur verið einhuga um þá stefnu, uppbyggingu og rekstrarstýringu sem mótuð hefur verið og fylgt hjá félaginu. Stjórnin hefur einnig innleitt í áföngum „Stjórnarhætti fyrirtækja“ í samræmi við leiðbeiningar frá Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq. Stjórn félagsins telur sig því hafa unnið vel fyrir félagið og hlutahafa þess eins og rekstrarárangur liðins árs sýnir.

Skömmu fyrir aðalfundinn óskaði Lífeyrissjóður verzlunarmanna eftir margfeldiskosningu við kjör til stjórnar HB Granda hf. Jafnframt hefur einstaklingur sem var í stjórn Lífeyrissjóði verzlunarmanna, en er í dag í varastjórn lífeyrissjóðsins, sent inn framboð til stjórnar HB Granda hf. Af þessu má ætla að fyrri stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hafi verið ósátt við rekstur HB Granda hf. og óskað margfeldiskosningar til að kalla eftir breytingum á stjórn félagsins og starfsemi þess.

Stjórn HB Granda hf. er ekki kunnugt um hvað það er sem fyrri stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er ósátt með í starfsemi félagsins. Fyrir starfsmenn HB Granda hf. hluthafa og stjórn er mikilvægt að sátt ríki um forystu félagsins og skýrt komi þá fram ef ágreiningur er um mikilvæga þætti í rekstri þess og í hverju sá ágreiningur felst.

Með því að draga framboð sitt til baka að sinni vill stjórn HB Granda hf. skapa svigrúm fyrir nýja stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna svo hún geti farið yfir málið og eftir atvikum skýrt afstöðu sína varðandi stjórn og starfsemi HB Granda hf.